

Reykjanesbær
Gunnar Kr. Ottosson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 30. maí 2022
UST202204-162/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020 – 2035 - Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um heildarendurskoðun á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 – 2035.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja

Umhverfisstofnun bendir á miklsvægi þess að settur sé fram þemauppráttur sem sýnir útbreiðslu vistkerfa og jarðminja samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 eða á sveitarfélagsupprátt í samræmi við 6.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Í 6.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að skylt sé að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni. Auk þess segir að setja skuli almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun í hverjum flokki og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða. Ákvæði og skilmálar skulu fela í sér nauðsynlegar takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríkjja, svo sem um mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun.

Auk þess eru það svæði, svo sem jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að það þurfi að koma fram í greinargerð tillögunnar hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á jarðmyndunum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilsvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Réttaráhrif náttúruminjaskrár

Í greinargerð á bls. 10 er fjallað um skilmála vegna svæða á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir á að í 2. tl. laga til bráðabirgða við náttúruverndarlög er mælt fyrir um að þar til ráðherra gefur út náttúruminjaskrá skv. 33. gr. skal gildandi náttúruminjaskrá halda gildi sínu en um minjar á skránni, aðrar en þær sem eru friðlýstar, skal fara samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, þar til endurmat verndargildis þeirra minja hefur verið lokið. Þetta þýðir að eldri náttúruminjaskrá heldur gildi sínu en að réttaráhrif 37. gr. núgildandi náttúruverndarlaga gilda ekki.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun telur skilmála varðandi framkvæmdir og umgengni á hverfisverndarsvæðum í þéttbýli frekar rýra og mikilvægt að þeir séu ítarlegri, sérstaklega með tilliti til náttúruverndar. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur m.a. fram í gr. 5.3.2.17., þar sem fjallað er um verndun svæða og einstakra mannvirkja, að heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda náttúruminjar, náttúrufar og gróður vegna náttúrulegs gildis. Auk þess kemur fram í greininni að gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni.

Stjórn vatnamála

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl sl. á grunni laga nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns, sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga því að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna.

Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta það.

Í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Lögum samkvæmt skal því sveitarfélag taka tillit til markmiða vatnaáætlunar nú í þessu aðalskipulagi.

Tengingar vatnaáætlunar við aðalskipulag sveitarfélags:

Á framkvæmdarsvæði sveitarfélagsins eru sex afmörkuð vatnshlot og hefur eitt þeirra verið skilgreint í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum.

- Yfirborðsvatnshlotið Hafnir að Gróttu (104-1382-C). Álag á vatnshlotið er losun óhreinsaðs skólps, iðnaður í Helguvík og Keflavíkurflugvöllur. Vatnshlotið hefur ekki verið skilgreint í hættu eða óvissu vegna þessa álags en ljóst er að töluvert álag er á því og aukist álagið enn frekar falla á sveitarfélagið kröfur um aðgerðir til að draga úr álaginu.
 - o Mikilvægt er að sveitarfélagið geri áætlanir um að álag aukist ekki og sjái til þess að skólp verði hreinsað í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og að fyrirtæki vinni markvisst að því að draga úr losun mengandi efna á upprunastað.
- Yfirborðsvatnshlotið Þorlákshöfn að Höfnum (104-1382-C). Álag innan skipulagssvæðisins tengist fiskeldi við Kalmannstjörn sem losar töluvert af fráveituvatni.
- Árósarvatnshlotið Ósir við Hafnir (104-81-T). Svæðið er á náttúruminjaskrá og skal halda vatnshlotinu í góðu ástandi.

Grunnvatn: Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

- Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 1 (104-115-1-G).
- Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G) hefur verið skilgreint í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum vegna efnafræðilegs ástands. Skilgreint álag á grunnvatnshlotið er gamall urðunarstaður við Smiðjutjörn (Ástjörn), úrgangsméðhöndlun við Helguvík og athafnarsvæði fyrrum sorpbrennslu við Hafnarveg. Í [skýrslu ÍSOR](#) er yfirlit um efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins Rosmhvalanes 2 í kjölfar efnafræðilegs eftirlits sem ÍSAVIA og Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hafa látið fara fram á undanförunum árum. Komið hefur í ljós að ýmis mengandi efni, sem tengjast núverandi starfsemi á svæðinu, finnast í borholum á flugvallarsvæðinu og í nágrenni þess. Í flestum tilvikum er styrkur þeirra þó undir þeim umhverfis- eða neysluvatnsviðmiðum sem í gildi eru.

Grunnvatn á svæðinu er mjög viðkvæmt fyrir mengun þar sem lekt berggrunnssins er mikil og jarðvegur bæði þunnur og gegndræpur. Mengandi efni eiga því auðveldu leið niður í grunnvatnið. Á hinn bóginn má benda á að vegna mikillar úrkomu og berglektar er

afrennsli grunnvatns hratt og gera má ráð fyrir umtalsverðri þynningu mengandi efna með aukinni fjarlægð frá flugvallarsvæðinu. Vísbendingar um þetta er að sjá í niðurstöðum efnasýna sem safnað hefur verið á svæðinu á undanförunum árum.

Engar lindir eru þekktar á svæðinu og því má ætla að allt grunnvatn komi fram í lindum fyrir utan ströndina. Litlar tjarnir eru vestan við flugvallarsvæðið en þar sem djúpt er á grunnvatn á svæðinu er líklegt að þær sitji alllangt ofan við eiginlegt grunnvatnsborð og hafi ekki beina tengingu við grunnvatn. Ekki er því gert ráð fyrir að sú mengun, sem greinst hefur í holum á flugvallarsvæðinu, hafi umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi eða lífríki.

- Tvær aðgerðir hafa verið settar fram í aðgerðaáætlun vatnaáætlunar sem ætlað er að komast að raunverulegu ástandi í vatnshlotinu svo hægt verði í framhaldinu að setja fram aðgerðir til að koma vatnshlotinu í gott ástand.
 - o F5- Yfirlitsvöktun í Rosmhvalanesi 2.
 - o F6- Kortlagning á álagi og starfsemi í tengslum við Rosmhvalanes 2. Aðgerðirnar verða unnar í samstarfi við ÍSOR, ISAVIA, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Umhverfisstofnun og fleiri aðila á árunum 2022-2024.
 - o Æskilegt væri að sveitarfélagið fylgist vel með álagi á vatnshlotin og láti mæla öll þau mögulegu mengandi efni sem gætu leynst í grunnvatnshlotum.
- Grunnvatnshlotið Reykjanes (104-263-G) var ekki skilgreint í hættu eða óvissu í fyrstu [álagsgreiningu vatnshlota árið 2013](#). Síðan sú álagsgreining var gerð hafa nýjar upplýsingar um álag vegna vatnstöku verið teknar saman. Í skýrslu Veðurstofu Íslands um grunnvatnshlot, sem kunna að vera undir [marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum](#), kemur m.a. fram að mjög mikil vatnstaka sé úr vatnshlotinu sem geti valdið álagi á vatnshlotið (tafla 4, bls. 10). Magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil áhrif, bein eða óbein, vatnstaka hefur á grunnvatnshlot. Í skýrslunni er bent á nauðsyn virks eftirlits með vatnstöku á utanverðu Reykjanesi þar sem grunnvatn flýtur á jarðsjó og lagt til að fylgst verði sérstaklega með grunnvatnsstöðu og grunnvatnstöku á suðvesturhorninu.
- Þá kemur fram að hugsanlegt er að jarðsjótaka geti haft neikvæð áhrif á magnstöðu. Stofnunin minnir á að sjótaka er leyfis skyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunar skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort jarðsjótaka hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Á bls. 32 í greinargerð segir: *Vinnsla jarðhitans krefst mikils kælisjávar og við ströndina eru gjöfuf sjótökusvæði*. Umhverfisstofnun óskar frekari skýringar á orðinu kælisjór, það er, er um að ræða grunnvatn (jarðsjó) eða er sjó dælt úr strandsjávarhlotinu við ströndina?

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 3.3.3 fyrir forsendur ættu að koma fram ítarlegri upplýsingar um stöðu fráveitumála í Reykjanesbæ. Samkvæmt stöðuskýrslu um fráveitumál á Íslandi er aðeins um 40% skólps hreinsað með grófhreinsun, annað skólps

frá þéttbýlinu fer óhreinsað út í sjó. Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunar eru 12 útrásir frá þéttbýlinu og þar af leiðandi 11 sem losa óhreinsað skólþ. Útrásirnar uppfylla ekki ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ um að öllu skólþi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Auk þess er óheimilt að leiða skólþ þannig að frárennslisop opnist til hafna. Þá sýna saurgerlamælingar Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja afar háar gerlamælingar við grjótgarð við DUUS húsin, Höfnina í Gróf og Básinn/Vatnsnes sem er samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, ófullnægjandi ástand vatns/þynningarsvæðis og skal sveitarstjórn grípa til aðgerða til að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns skv. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Þá má einnig nefna að samkvæmt vatnaáætlun skal allt vatn vera í góðu ástandi. Í þessu samhengi kemur fram í kafla 2.4 í greinargerð að „*Strandlengjan í Reykjanesbæ er fjölbreytt og er miðað við að hún njóti verndar til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og gildi sínu til útivistar*“ en það markmið fer ekki saman við losun óhreinsaðs skólþs við strandlengjuna.

Hreinsunarstig ákvarðast af reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ sem í tilfalli Reykjanesbæjar á að vera eins þreps hreinsun með hreinsun á BOD (20%) og svifögnum (50%) skv. skilgreiningu um eins þreps hreinsun og ákvæði 2. mgr. 20. gr.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Í þéttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu. Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa. Frestur til að koma á hreinsun á fráveituvatni skv. reglugerðinni rann út árið 2005 og því mikilvægt að slá ekki mikilvægum umhverfisumbótum enn frekar á frest.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar safnast árlega um 32 tonn af rusli (ristarúrgangi) í hreinsistöð Reykjanesbæjar sem jafnframt tekur við skólþi frá um helmingi bæjarins. Því má leiða líkur að því að önnur 32 tonn af rusli fari árlega beint út í sjó.

Í greinargerðinni skortir umfjöllun um fráveitumál í Höfnum en þar gildir hreinsunarkrafa um viðeigandi hreinsun skv. skilgreiningu í 14. mgr. 3. gr. sem er þá að minnsta kosti grófhreinsun.

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Hægt væri að gera ráð fyrir hreinsivirki sem er minna umfangs ef hægt væri að koma ofanvatni í annan umhverfisvænni farveg. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir, að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun

starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós áætlunarinnar er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum sem grunur er um mengun. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum um meðhöndlun úrgangs er sorp skilgreint sem samheiti heimilisúrgangs. Úrgangur er víðtækt hugtak og nær einnig yfir rekstrarúrgang, m.a. byggingar- og niðurrifsúrgang. Því telur stofnunin réttara að tala um úrgang í stað sorps í þessu samhengi. Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð er aðeins fjallað um sorpförgun en stofnunin telur að betra væri að fjalla heildstætt um stefnu í úrgangsmálum sveitarfélagsins, þá úrgangsforvarnir sem og úrgangsmeðhöndlun eftir forgangsroðun þar sem lögð er áhersla á endurvinnslu og aðra endurnýtingu fremur en förgun.

Umhverfisstofnun bendir á að í júní 2021 gaf umhverfisráðherra út nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Í stefnunni er lögð mikil áhersla á úrgangsforvarnir en ekki er minnst á þær í greinargerð aðalskipulagsins.

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 103/2021 um breytingu á m.a. lögum um meðhöndlun úrgangs, sem er hluti innleiðingar á ofangreindri stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Meðal annars verður sveitarfélögum skylt að koma upp sérstakri söfnun og flokkun á fleiri tegundum heimilisúrgangs. Í þéttbýli skal söfnun fara fram innan lóðar á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum og söfnun spilliefna í nærumhverfi íbúa. Rekstraraðilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar og niðurrifsúrgang í a.m.k. sjö efnisflokkka. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni eða aðra þætti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins samræmist stefnu ráðherra í úrgangsmálum og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum. Stofnunin vekur einnig athygli á að bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs er aðgerð nr. 16 í stefnunni sem stefnt er að taki gildi fyrir árslok 2024.

Úrgangsmál og fiskeldi

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til

endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar¹ til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé mið af ofangreindum þáttum í tillögunni.

Svæðisáætlun

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skuli semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Jafnframt kemur fram að svæðisáætlun skuli fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir og að þar skuli m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á viðkomandi svæði, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og upplýsingar um hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um svæðisáætlunina sem sveitarfélagið er þátttakandi að í forsendukafla aðalskipulagsins og hvernig skipulagsáætlunin samræmist svæðisáætluninni.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Orkuvinnsla

Varðandi orkuvinnslusvæði I5 og I6 gildir að innan svæðanna eru jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd, þ.m.t. hraun, gufuhverir, gígar og eldvörp og draga skal sem kostur er úr raski á þessar minjar.

Samkvæmt 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að forðast beri röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skilmálar tillögunnar séu í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga og skilmála í kafla 2.1.5.

Iðnaðarsvæðin eru víðfem og því þarf að kortleggja jarðmyndanir og jarðminjar á svæðinu með nákvæmari hætti en verið hefur og afmarka framkvæmdasvæði með tilliti til þeirra.

¹ https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

Umhverfisstofnun telur að það þurfi að setja sér stefnu um að nýta sem best núverandi borteiga, að fyrirhuguð mannvirki verði í tengslum við núverandi mannvirki í stað þess að taka undir mannvirki algerlega óröskuð svæði.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi deiliskipulag fyrir svæðið dags. 21. desember 2021.²

Njarðvíkurhöfn

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að gera þarf ítarlega grein fyrir mengun sem kann að vera á hafnarsvæðinu og áhrifum hennar á tilhögun framkvæmda áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Njarðvíkurhafnar 7. október sl.³

Efnistaka

Gert er ráð fyrir efnistökusvæðum við Rauðamel, Stapafell og Súlum. Umhverfisstofnun veitti umsögn varðandi frummatsskýrslu verkefnisins dags. 22. mars 2019.⁴

Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistöku í Stapafelli og Súlum séu að mestu fram komin. Jarðmyndanir eru það skertar eftir efnistöku að fjallið hefur lítið verndargildi sem slíkt. Umhverfisstofnun telur mikilvægt varðandi framtíð annarra gosminja í næsta nágrenni að sá tími, sem gefst meðan efnistaka í Stapafelli og Súlum stendur yfir, verði nýttur til að finna efnistökusvæði sem leyst geta núverandi svæði af hólmi án þess að skerða hluta Reykjaneshryggjar sem enn er óraskaður.

Umhverfisstofnun telur brýnt að standa vel að frágangi þeirra efnistökusvæða sem lokið er við að nýta. Stofnunin bendir á að leiðbeiningar um efnistöku, frágang og uppgræðslu er að finna á vefsíðunni www.namur.is, sem haldið er úti af Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Landsvirkjun o.fl. aðilum. Þær leiðbeiningar geta nýst við efnistöku, frágang og uppgræðslu þeirra náma sem notaðar verða.

Það er mat Umhverfisstofnunar að efnistaka skuli ekki vera á náttúruverndarsvæðum né svæðum þar sem eru jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að efnistakan sé ekki á landi sem hefur hátt verndargildi. Mikilvægt er að tekið sé tillit til jarðminja og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það er mat Umhverfisstofnunar að efnistaka skuli ekki vera á náttúruverndarsvæðum né svæðum þar sem eru jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi sbr. reglugerð nr. 772/2012.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil.

² <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20c3%b6gn%20Reykjanesvirkjun.pdf>

³ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20c3%b6gn%20Njar%20c3%b0v%20c3%adkurh%20c3%b6fn.pdf>

⁴ https://www.ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat_%20C3%A1_umhverfis%20C3%A1hrifum_-_efnistaka_-_S%20C3%BA%20lur_og_Stapafell_%20C3%A1_Reykjanesi.pdf

Sveitarfélög skulu í tillöggunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða og hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum.

Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaganna, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar. https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegininnatturuislands_v4.pdf

Reiðstígar

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að setja inn reiðstíga á kort á bls. 80 í greinargerð.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri